

63. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 29.6. 2021, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig var mættur undir lið 1. Hörður Guðmundsson.

Dagskrá:

1. Vatnstjón í starfsmannahúsi Laugarfells
2. Samsetning starfa í Fljótsdal
3. Fundargerðir
 - a. Stjórn Héraðsskjalsafns Austfirðinga 20.5.2021
 - b. Samfélagsnefnd 10.6.2021
 - c. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 11.6.2021
4. Samingur við Vatnajökusþjóðgar um Hengifoss
5. Skýrsla sveitarstjóra
6. Önnur mál

1. Vatnstjón í starfsmannahúsi Laugarfells

Frost hefur náð inn í sökkullin á eldhúsinnréttingu og heitavatnslögnin sprungið. Ofnar voru á, þannig að mikil vatnsgufa hefur verið í húsinu í töluvert langan tíma. Það er allt gegnsósa. Hreinsa þarf allt innan úr húsinu þar með talið milliveggi, innréttingar, loft og gólf. Tryggingarfélag sveitarfélagsins hefur samþykkt að tjónið sé bótaskyld.

Sveitarstjóra falið að gera kostnaðaráætlun vegna lagfæringar á húsinu og ræða þarf við tryggingarfélagið um framhaldið.

2. Samsetning starfa í Fljótsdal

Helstu niðurstöður eru þær að um 34,5 heilsársstörf eru hjá fyrirtækjum og verktökum í Fljótsdal í dag fyrir utan rekstur á bújörðum. Áætla má miðað við viðmið RSK um 400 gripi á ársstarf að tæplega 12 heilsársstörf séu í landbúnaði í Fljótsdalshrepp. Áætluð ársverk hjá fyrirtækjum með sumarstörfum eru 45. Landsvirkjun, Snæfellsstofa og Skógarafurðir ehf. eru með fleiri en fimm ársstörf, þar á eftir koma Óbyggðasetrið og Gunnarsstofnun með fleiri en þrjú. Talið er að ársstörfin verði um 52 á árinu 2026. Nokkuð jöfn aukning að mati allra forsvarsmanna.

Áhugavert væri að bera þessar upplýsingar saman við eldri samantektir og skoða hver breytingin hefur verið síðustu ár ásamt að skoða hversu hátt hlutfalla þessara starfa sé unnir af íbúum sveitarfélagsins.

3. Fundargerðir

- a. **Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga 20.5.2021**
Kynnt
- b. **Samfélagsnefnd 10.6.2021**
Kynnt
- c. **Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 11.6.2021**
Kynnt

4. Samingur við Vatnajökusþjóðgarð um Hengifoss

Sveitarstjóri hefur skrifað undir samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins vegna landvörslu við Hengifossárgilið.

5. Skýrsla sveitarstjóra

Talsvert hefur verið um skipulagðar heimsóknir í hreppinn, m.a. Rótarýklúbbur Héraðsbúa og frambjóðendur Framsóknarflokksins í kjördæminu. Auk þess komu stjórn og starfsmenn Íslandsstofu í heimsókn.

Sögusvæðið á Valþjófsstað er að klárast.

Orkusetur er tilbúið að gera samanburð á kyndingarkostnaði með viðarperlum annarsvegar og hinsvegar með rafmagnskyndingu.

Búið er að gera lagfæringar á hluta af veginum inn í Þorgerðarstaði.

6. Önnur mál

Anna Jóna benti á að ekki er tímabært að ræða við fólk vegna reksturs á þjónustuhúsi við Hengifoss áður en framkvæmdir eru hafnar og vekja falskar vonir hjá viðkomandi.

Oddviti tók fram að ekki er búið að skuldbinda sveitarfélagið með nokkrum hætti varðandi rekstur fyrirhugaðs þjónustuhúss.

Gunnþórunn spurðist fyrir um afdrif tillögu hennar á síðasta hausti, er varðaði gangnastjóra og ívilnun til þeirra, vegna vinnu umfram aðra gangnamenn?

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með ferð til Borgarfjarðar sem farinn var í þessum mánuði. Borgfirðingum er þakkað fyrir móttökurnar.

Eiríkur ítrekar bókun frá síðasta fundi er varðar viðhald girðinga meðfram vega svo sauðfé sé ekki á vegum í sveitarfélaginu.

Eiríkur hefur áhuga á að vita hver kostnaður vegna lagningar vegar að fyrirhugaðri íbúabyggð í sveitarfélaginu.

Erindi er varðar ósk um kostnaðarþátttöku vegna gæslu ungabarns og var á dagskrá sveitarstjórnarfundar þann 10.6.2021. Samþykkt að sveitarfélagið greiði því sem svarar kostnaði við að hafa barnið hjá dagmömmu. Í framhaldinu verða gerðar breytingar reglum sveitarfélagsins er varða daggæslu barna.

Erindi er varðar verkefni um sýndarferðalag um Fljótsdalshrepp. Markmiðið er að skapa gagnvirk sýndarferðalag um Fljótsdalshrepp og tengja hann saman við sambærilegt verkefni Múlapingis. Verkefnið er saman sett úr mörgum 360°myndum sem hægt er að tengja saman og fylla út af myndrænum upplýsingum og tenglum. Þetta geta verið myndir, gagnvirk útivistargögn, örnefni, myndbönd og hljóð. Tilgangurinn er m.a. að efla áhuga heimafólks á eigin umhverfi en ekki sýst að draga spennandi afþreyingarmöguleika fyrir ferðamenn til þess að ílengja dvöl þeirra á svæðinu.

Samþykkt að gera samning við Hafþór Snjólf um gerð sýndarferðalags um dalinn. Áætlaður kostnaður er 500.000-600.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Múlaping hefur óskað eftir viðræðum um slit á byggðasamlagi um Minjasafn Austurlands. Múlaping óskar eftir fundi 17. ágúst. Sveitarstjórn er andsnúin því að samlaginu verði slitið. Oddvita og sveitarstjóra falið að sitja fundinn og hafa samráð við lögfræðing sveitarfélagsins.

Í enda fundar fór Sveitarstjórn og skoðaði nýtt sögusvæði við Valþjófsstaðakirkju, en verkið er á loka metrunum.

Þessi fundur er í stað júlifundar sveitarstjórnar og mun sveitarstjórn ekki koma saman aftur fyrr en 10. ágúst.

Fundi slitið klukkan 16:20

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson

Anna Jóna Árnarsdóttir

Eiríkur J. Kjerúlf

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Lárus Heiðarsson